

Búið til ykkar eigin frásögn

Nú skuluð þið hefjast handa við að undirbúa heimildarmyndina ykkar svo þið vitið hvað þið þurfið að taka upp áður en þið byrjið. Seinna búið þið til söguborð fyrir myndina en fyrst þurfið þið að ákveða fyrirkomulag myndarinnar og hvað þið ætlið að taka upp.

Passið að tala bara íslensku í myndinni svo að önnur ungmenni á Norðurlöndunum geti fengið að heyra hvernig hún hljómar. Ekki tala ensku!

FYRIRKOMULAG HEIMILDARMYNDARINNAR

- **Lengd:** Að hámarki 2 mínútur.
- **Búnaður:** Snjallsími eða spjaldtölva.
- **Snið:** Tekið upp lárétt í breiðu sjónarhorni (sjá mynd).
- **Frásagnarform:** Getur verið frá sjónarhorni áhorfanda (fluga á vegg), rannsakandi eða ljóðrænt. Einnig getur verið sýnilegur sögumaður í mynd.
- **Kvikmyndafræðilegar aðferðir:** Tjáningarform sem hentar frásagnarforminu og vekur áhuga og tilfinningar áhorfandans með hjálp römmunar, myndavélarhreyfinga, tónlistar og hljóðs.
- **Saga:** Samfelld frásögn með upphafi, miðju og endi. Lýsir t.d. stöðum, persónum eða hvoru tveggja. Inniheldur oft átök.

Ábending: Þið megið gjarnan sækja innblástur í samfélagsmiðla og frásagnarstíla í „reels“ og „shorts“.



Ljósmynd: Tsumu, Jonas Møller (2022)

TÖKUSTAÐUR

Tökustaður (e. location) er hugtak í kvikmyndafræði sem þýðir staður, þ.e. vettvangurinn þar sem kvikmynd er tekin upp þegar það er ekki gert í kvikmyndaveri. Tökustaðurinn gegnir mikilvægu hlutverki í því hvernig við upplifum myndina og andrúmsloftið sem við horfum á. Hann er líka oft táknrænn fyrir atburðarásina.

SJÓNARHORN MYNDARINNAR

Nú skuluð þið ákveða sjónarhorn myndarinnar. Þið þurfið að velja sjónarhornið sem á að sýna efnið. Farið með áhorfendur í sjónræna ferð um ykkar heimabyggð á Norðurlöndum – staðinn þar sem þið búið. Notið myndavélina til að sýna hvernig þið upplifið heimaslóðir ykkar á persónulegan hátt. Sýnið t.d. landslag, borgarlíf eða náttúru, og að sjálfsögðu fólkið og menninguna sem mótar svæðið.

HÓPVERKEFNI

Þið eigið að gera heimildarmynd sem ekki aðeins sýnir, heldur segir einnig sögu frá ykkar einstaka sjónarhorni á umhverfið ykkar. Látið myndavélina vera augu ykkar og rödd. Áhorfendur myndarinnar eru annað ung t fólk á Norðurlöndum: Hverju viljið þið miðla til þeirra um ykkur sjálf?

- Er einhver tókustaður nálægt skólanum sem segir eitthvað um staðinn þar sem þið búið? Hvaða staður er það og hvers vegna er hann mikilvægur? Hvaða þýðingu hefur svæðið og umhverfið fyrir ykkur persónulega?
- Er einhver (stutt) leið sem þið getið farið eftir á meðan þið takið upp? Gata, náttúrustígur, göngugata?
- Hvaða andrúmsloft viljið þið skapa með því að taka upp á þessum stað? Er umhverfið fallegt? Eða er það hrátt? Ljóst eða dimmt?
- Hvernig er að alast upp og búa hér sem ung manneskja? Hvað gerið þið, hvar hangið þið og hvernig lítið þið á ykkur sjálf?
- Eru einhverjar sérstakar menningarhefðir, sögur eða stemning sem gera staðinn einstakan?
- Hvernig getið þið beitt kvikmyndafræðilegum aðferðum til að segja frá sambandi ykkar við staðinn?

VALFRJÁLST AUKAVERKEFNI

Þið getið einnig notað myndina til að koma ádeilu um norræna samstöðu og sameiginleg gildi á framfæri. Getið þið bent á eitthvað sem sundrar okkur á Norðurlöndum? Og hvað þýðir það eiginlega „að tilheyra“ einhverjum stað?

HÓPVERKEFNI

- Hvað er norræn samstaða eiginlega – og eru allir á Norðurlöndum hluti af henni?
- Þekkið þið til fordóma gagnvart ákveðnum stöðum eða löndum á Norðurlöndunum? Hvaða fordómar eru það?
- Hvernig er hægt að nota kvikmyndafræðilegar aðferðir til að segja eitthvað um samstöðu og fordóma?

Farið í næsta hluta þegar þið hafið komist að samkomulagi um sjónarhornið ykkar.